



861. fundur stjórnar GSÍ, 19. apríl 2015, kl.17:00 haldinn á skrifstofu GSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Ágúst Sverrisson, Bergsteinn, Gylfi Kristinsson, Gunnar Gunnarsson, Kristín Guðmundsdóttir, Theódór Kristjánsson og Jón Júlíus Karlsson. Þá sat fundinn Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri og skráði hann fundargerð.

1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð frá 17. mars s.l. og hún samþykkt og undirrituð.

2. Útgáfumál

Bergsteinn formaður útgáfunefndar kynnti helstu nýjungar í útgáfumálum og nýjar áherslur í blaðinu. Áætlað er að fyrsta tölublað komi út 13. maí og verði dreift í þeirri viku. Ný heimasíða verður síðan tilbúin í kjölfarið og reiknað er með að nýtt útlit verði tilbúið um 20. maí. Fréttahluti tölvukerfsins verður aðskilinn frá gagnagrunni golf.is og byggður upp á WordPress fréttakerfinu. Við þessa breytingu verður mun meiri sveigjanleiki í framsetningu og auðveldar t.d. auglýsinga- og myndbirtingar á síðunni.

3. Samráðsfundur stjórnar GSÍ og golfklúbba

Haukur Örn forseti gerði grein fyrir fundi sem haldinn var með klúbbunum á Reykjanesi þann 14. apríl í golfskálanum í Leiru. Fulltrúar frá Golfklúbbi Grindavíkur, Golfklúbbi Sandgerðis, Golfklúbbi Vatnsleysustrandar og Golfklúbbi Suðurnesja, mættu til fundarins en auk þeirra voru fimm fulltrúar frá GSÍ á fundinum.

Fulltrúar GG reiknuðu með að félagsmönnum myndi fjölga á árinu, en klúbburinn tók þá stefnu að lækka félagsgjöldin frá fyrra ári. Þá hafa þeir gert samning við Bláa lónið um samstarf við uppbyggingu vallarins og eru því bjartsýnir á framgang klúbbsins. Nýr formaður tók við hjá GS í vetur, Jóhann Páll Kristbjörnsson og var hann bjartsýnn á komandi sumar. Hólmsvöllur hefði komið vel undan vetri og eru stjórnarmenn bjartsýnir á að þeir nái að fjölga félagsmönnum á árinu. Sérstakt átak verður gert í barna- og unglíngastarfi og verður reynt að fjölga kylfingum í þeim aldursflokki.

Hjá GVS hefur gengið vel að endurheimta félagsmenn og eru stjórnarmenn einnig bjartsýnir á að félagsmönnum fjölgi frekar en fækki á árinu. Fulltrúi GSG í Sandgerði reiknaði með örlítilli fækkun í klúbbum á árinu, miðað þær undirtektir sem þeir hafa fengið frá félagsmönnum á árinu. Klúbburinn hefur komið sér upp SNAG kennslubúnaði í samstarfi við grunnskólann í bænum og binda þeir vonir við að það skili sér í fjölgun barna- og unglínginga í sumar.

Ýmis önnur mál voru rædd á fundinum, s.s. stefnumótun GSÍ og eftirfylgni hennar, uppsetning valla með tilliti til breytinga á teigamerkingum, nýjungar í félagakerfi golf.is auk annarra mála.

4. Stefnumótunin og framkvæmd hennar



Verkefnahópar hafa verið að hittast og fara yfir helstu verkefni í stefnumótunarhópunum. Stefnt er að því að þeir kynni helstu áherslur sínar á næsta stjórnarfund.

5. Samningur við RÚV

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir að búið væri að ganga frá samningi við RÚV um beina útsendingu frá Íslandsmóttinu í golfi. Jafnframt verði 12 þættir um golfíþróttina á RÚV í sumar í umsjón Hlyns Sigurðssonar.

6. Mótaskrá GSÍ 2015

Lögð fram endanleg mótaskrá fyrir sumarið. Golfklúbbur Borgarnes hefur ákveðið að sjá um sveitakeppni karla í 1. deild og Golfklúbbur Mosfellsbæjar tekur að sér Áskorendamót Íslandsbanka 18.-19. júlí n.k. Endanleg mótaskrá liggur því fyrir og hefur verið birt á golf.is.

7. Forskot - Afrekssjóður

Framkvæmdastjóri kynnti ákvörðun stjórnar Forskots fyrir árið 2015. Þeir kylfingar sem styrktir verða á árinu eru, Birgir Leifur Hafþórsson GKG, Ólafur Björn Loftsson GKG, Valdís Þóra Jónsdóttir GL, Ólafía Þórunn Kristinsdóttir GR og Þórður Rafn Gissurarson. Þá hefur verið ákveðið að sjóðurinn veiti auka styrki til þeirra kylfinga sem komast áfram á úrtökumótunum í haust auk þess sem sjóðurinn styrki áhugakylfinga sem stefna í atvinnumennsku um styrk til að fara á úrtökumót á haustmánuðum. Ákvörðun um það verður kynnt síðar. Stjórn Forskots tekur ákvörðun um styrkveitingar í samráði við fagnefnd.

8. Teigamál

Á formannafundi var samþykkt að skoða breytingar á teigamerkingum á golfvöllum og eru nokkrir klúbbar þegar byrjaðir að undirbúa breytingar á sínum völlum í samræmi við þessar breytingar sem ganga útá að taka út litamerkingar teiga og nota tölustafi í samræmi við lengd vallanna í staðinn.

GSÍ hefur fengið tilboð í merkingar frá tveimur aðilum í merkingar og auk þess hefur Golfklúbburinn Oddur hannað sín eigin merki í samræmi við þessar breytingar. Gera þarf lítilsháttar breytingar á golf.is þar sem slope töflur þurfa að breytast á þeim völlum sem taka upp nýjar merkingar auk þess sem kylfingar sem eru að skrá inn skor, þurfa að velja teiga útfrá lengdamerkingu en ekki litum.

Þá þarf að breyta skorkortamerkingum í kerfinu fyrir þessa klúbba og er reiknað með að það verði komið í lag í lok maí.

9. ÍSÍ þing – ályktanir og samþykktir

Forseti fór stuttlega yfir þau málefni sem rædd voru á íþróttþingi og þakkaði stjórnarmönnum fyrir góða mætingu á þingið. Þá hvatti forseti stjórnarmenn til að kynna sér þær ályktanir sem samþykktar voru á þinginu, en þær er hægt að finna á heimasíðu ÍSÍ.

10. Viðburðir stjórnar



Eggert varaforseti lagði til að stjórn GSÍ hittist föstudaginn 22. maí í Básum og þar yrði boðið uppá golfkennslu fyrir stjórn og starfsmenn. Léttar veitingar yrðu síðan í boði í framhaldinu Föstudaginn 12. júní yrði síðan stjórnarmót á Hamarsvelli í Borgarnesi og kvöldverður í framhaldinu á Hótel Hamri. Mánudaginn 27. júlí verði síðan formannamót GSÍ á Garðavelli í framhaldi af Íslandsmótinu í höggleik og að lokum yrði Stóra stjórnarmótið, þar sem fyrrverandi stjórnarmönnum verði boðin þátttaka á Hlíðarvelli í Mosfellsbæ. Framkvæmdastjóra var falið að undirbúa þessi mót og ganga frá bókunum á þessa velli.

11. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri hvatti stjórnarmenn til að mæta í Kringluna 2.-3. maí n.k. en þá verða golfdagar í verslunarmiðstöðinni, þar sem golfklúbbar, golfverslanir og þjónustuaðilar í golfi kynna starfsemi sína. Ágætis undirtektir eru hjá klúbbunum og eru góðar vonir bundnar við að golfíþróttin fái góða kynningu þar sem reiknað er með að 30-40 þúsund gestir heimsæki verslunarmiðstöðina þá daga sem golfdagar standa yfir.
- Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um að Arnar Geirsson sækti ráðstefnu um forgjafarmál í Hollandi fyrir hönd GSÍ, en þar verður kynnt ný útgáfa af EGA forgjafarkerfinu sem tekur gildi 1. janúar 2016. Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á kerfinu frá þeim reglum sem nú gilda, þrátt fyrir að miklar umræður hafa verið um að samræma þau fimm forgjafarkerfi sem nú er leikið eftir í heiminum. Aftur á móti mætti reikna með umtalsverðum breytingum árið 2020, næst þegar endurskoðun kerfisins fer fram.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:00.